



AÐALFUNDARBOÐ

Reykjavík, 22. apríl 2024

Stjórn IcelandSIF, kt. 461217-1330, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, boðar hér með til aðalfundar félagsins vegna ársins 2023.

Fundurinn verður haldinn í höfuðstöðvum Íslandsbanka, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, **miðvikudaginn 22. maí 2024 og hefst kl. 9.00.**

Dagskrá aðalfundar er sem hér segir, sbr. 5. gr. samþykktu félagsins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar lögð fram.
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar.
4. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
5. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning endurskoðanda/skoðunarmanns.
8. Ákvörðun félagsgjalds.
9. Tillögur að breytingum á samþykktum, ef þær liggja fyrir.
10. Önnur mál.

Tillögur sem félagsaðilar vilja leggja fyrir fundinn þurfa að berast í tölvupósti á netfangið icelandsif@icelandsif.is eða með öðrum skriflegum hætti til stjórnar félagsins, í síðasta lagi kl. 16:00 þriðjudaginn 30. apríl.

Tilkynningar um framboð til stjórnar þurfa að berast í tölvupósti á netfangið icelandsif@icelandsif.is eða með öðrum skriflegum hætti til stjórnar félagsins í síðasta lagi kl. 9:00 föstudaginn 17. maí.

Endanleg dagskrá og fram komnar tillögur munu liggja fyrir á skrifstofu félagsins og birtast á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund.

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum mun Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, ávarpa fundargesti og fjalla um áherslur og markmið ríkisstjórnar Íslands í umhverfis- og loftslagsmálum.

Boðið verður upp á kaffiveitingar í húsakynnum Íslandsbanka frá kl. 8:30.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar IcelandSIF

Anna Þórdís Rafnsdóttir
Stjórnarformaður